



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Alþingi 11.4.2016

Málsnr.: 1603071

Málalykill: 0.34.3

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
v/ Austurvöll
150 REYKJAVÍK

7. apríl 2016
Tilvísun: 2016030042

Efni: Umsögn vegna frumvarps til laga um fjármálafyrirtæki (eigið fé, könnunar- og matsferli, vogunarhlutfall, valdheimildir o.fl.), 589. mál.

Fjármálaeftirlitið vísar til tölvubréfs frá nefndarsviði Alþingis, dags. 17. mars 2016, þar sem óskað er umsagnar vegna frumvarps til laga um fjármálafyrirtæki (eigið fé, könnunar- og matsferli, vogunarhlutfall, valdheimildir o.fl.), 589. mál.

Fjármálaeftirlitið styður framgang frumvarpsins en stofnunin átti m.a. fulltrúa í nefnd sem fjármála- og efnahagsráðherra skipaði hinn 17. september 2012 til að vinna að innleiðingu efni tilskipunar 2013/36/ESB (CRD IV) og reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 (CRR) og með þeim svonefndan Basel III staðal sem ætlað er að bregðast við veikleikum sem komu í ljós í kjölfar alþjóðlega fjármálahrunsins. Fyrirliggjandi frumvarp er afurð vinnu þeirrar nefndar en frumvarpið er annað frumvarpið sem ráðherra leggur fram á Alþingi í þeim tilgangi að innleiða framangreindar gerðir í íslenskan rétt. Að mati Fjármálaeftirlitsins er brýnt að innleiðing á eftirstandandi ákvæðum CRD IV tilskipunarinnar, þar með talið ákvæðum hennar um starfskjarastefnu og um þjónustu yfir landamæri, verði innleidd í lög um fjármálafyrirtæki við fyrsta tækifæri. Á það skal bent að í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki er varð að lögum nr. 57/2015 var lagt til að ákvæði tilskipunarinnar er varða starfskjarastefnu yrðu innleidd í lög um fjármálafyrirtæki en fallið var frá því með breytingartillögu efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis.

Þá telur Fjármálaeftirlitið ástæðu til að koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

Varðandi ákvæði 17. gr. a. laganna

Fjármálaeftirlitið vekur athygli á því að þar sem verið er að gera ákveðnar breytingar á hugtökum varðandi tengda aðila þarf að bæta hugtakinu venslaðir aðilar inn í ákvæði 17. gr. a um skuldbindingaskrá.

Á eftir orðunum „aðila í nánnum tengslum“ í 2. málsl. 2. mgr. 17. gr. a komi orðin „ venslaða aðila“.

Varðandi 1. gr. frumvarpsins

Í 34. tölul. 1. gr. frumvarpsins er að finna skilgreiningu á hugtakinu hæft fjármagn. Skilgreiningin er í fullu samræmi við samhljóða skilgreiningu í CRR. Ljóst er af efni CRR að



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

umrætt hugtak inniheldur að frádráttarliðir, sbr. 85. gr. laga um fjármálafyrirtæki, eru hluti af útreikningi á hæfu fjármagni, þótt þeir séu ekki taldir sérstaklega upp í skilgreiningu hugtaksins. Fjármálaeftirlitið telur heppilegt, vegna kröfu um skýrleika réttarheimilda, að taka af öll tvímæli í málinu. Vegna þessa leggur Fjármálaeftirlitið til að skilgreiningin verði orðuð með eftirfarandi hætti:

Hæft fjármagn: Samtala eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1 skv. 84. gr. a og 84. gr. b og eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 2 skv. 84. gr. c sem að hámarki má nema þriðjungji af eiginfjárgrunnsgerningum þáttar 1, ásamt frádráttarliðum skv. 85. gr.

Varðandi 11. gr. frumvarpsins

Í 4. mgr. 11. gr. frumvarpsins er að finna heimild til að kveða á um að verðbréfafyrirtæki sem bera takmarkaðar starfsskyldur setji tryggingu fyrir tjóni sem þau kunna að valda í starfsemi sinni og að nánari ákvæði um fjárhæð trygginga og lágmarksskilmála skuli setja í reglugerð. Í athugasemdum við framangreint ákvæði í frumvarpinu kemur fram að sambærilegt ákvæði sé að finna í 3. mgr. 26. gr. gildandi laga og að reglugerð sem sett hafi verið á grundvelli þess ákvæðis muni halda gildi sínu með lagastoð í ákvæði 4. mgr. 11. gr. frumvarpsins.

Fjármálaeftirlitið bendir á að í ákvæðinu er ekki kveðið með skýrum hætti á um það hvaða aðili hefur ákvörðunarvald um það hvort umrædd fyrirtæki skuli setja sér tryggingu fyrir því tjóni sem þau kunna að valda. Af 2. málsl. 4. mgr. ákvæðisins má þó álykta að ráðherra sé falið það ákvörðunarvald með setningu reglugerðar.

Fjármálaeftirlitið vekur jafnframt athygli á því að samkvæmt 3. mgr. 26. gr. gildandi laga um fjármálafyrirtæki er lögð sú skylda á verðbréfamiðlanir að þær hafi tryggingu fyrir því tjóni sem þær kunna að valda viðskiptavinum sínum. Með frumvarpi því sem nú er til meðferðar er því verið að breyta núgildandi lögum á þann veg að ekki verður lengur um lagaskyldu að ræða heldur verður framkvæmdavaldinu falið að taka ákvörðun um það hvort umræddum fyrirtækjum skuli gert að hafa tryggingu fyrir því tjóni sem þau kunni að valda viðskiptavinum sínum.

Með vísan til þess að framangreint ákvæði frumvarpsins átti ekki að fela í sér efnisbreytingu leggur Fjármálaeftirlitið til að í ákvæðinu verði kveðið á um skyldu verðbréfafyrirtækja með takmarkaðar heimildir til að hafa tryggingu og leggur stofnunin til að ákvæðið orðist svo:

Verðbréfafyrirtæki sem bera takmarkaðar starfsskyldur skulu setja tryggingu fyrir tjóni sem þau kunna að valda viðskiptavinum sínum í starfsemi sinni. Nánari ákvæði um fjárhæð trygginga og lágmarksskilmála að öðru leyti skal setja í reglugerð.

Varðandi 110. gr. laganna um stjórnvaldssektir

Fjármálaeftirlitið telur þörf á heildarendurskoðun ákvæða um stjórnvaldssektir í lögum um fjármálafyrirtæki til að samræma ákvæðið við ákvæði CRD IV tilskipunarinnar. Til að mynda virðist sem ekki sé gert ráð fyrir að hægt sé að leggja stjórnvaldssektir á aðila sem ekki skila



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

lykilupplýsingum til Fjármálaeftirlitsins, líkt og gert er ráð fyrir í tilskipun 2013/36/ESB. Þannig kemur fram í 67. gr. tilskipunarinnar að leggja skuli stjórnvaldssekt á aðila sem ekki skila inn eiginfjárskýrslu (COREP) eða veita ófullnægjandi upplýsingar í slíkum skilum. Sambærilegu ákvæði er ekki til að dreifa í núgildandi lögum. Þá kann að vanta ákvæði er veitir heimild til að leggja á stjórnvaldssekt vegna stjórnskipulags fjármálafyrirtækja, þ.m.t. varðandi stjórnarhætti, áhættustýringu og meðhöndlun einstakra áhættuþátta. Slíku ákvæði er einnig til að dreifa í fyrrnefndri 67. gr. tilskipunar 2013/36/ESB.

Varðandi ákvæði um tæknilega eftirlitsstaðla og framkvæmdarstaðla

Með lögum nr. 57/2015 um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, var sú skylda lögð á Fjármálaeftirlitið að setja reglur sem byggjast á tæknilegum framkvæmdarstöðlum og eftirlitsstöðlum Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar. Fjármálaeftirlitið hefur frá setningu laganna unnið að slíkum reglum og hefur við þá vinnu komið auga á smærri tæknileg atriði sem lagfæra mætti þegar frumvarp það sem nú liggur fyrir Alþingi verður samþykkt. Slík atriði varða tæknilega staðla sem varða eiginfjáruka og innri líkön fjármálafyrirtækja. Skýra má núgildandi 2. mgr. og 3. mgr. 117. gr. b laga um fjármálafyrirtæki með þeim hætti að í skyldu Fjármálaeftirlitsins til að setja reglur sem varða eiginfjárgrunn fjármálafyrirtækja og einstaka áhættuþætti í starfsemi þeirra, felist sú skylda að taka upp alla tæknilega staðla sem varða eiginfjáruka og innri líkön fjármálafyrirtækja. Fjármálaeftirlitið telur þó heppilegt að taka af öll tvímæli um þetta atriði og leggur því til eftirfarandi breytingar á 117. gr. b laga um fjármálafyrirtæki.

Á eftir orðinu „eiginfjárgrunns“ í b-lið 3. másl. 2. mgr. 117. gr. b komi: „, eiginfjáruka“.

Á eftir orðinu „eiginfjárgrunni“ í a-lið 3. másl. 3. mgr. 117. gr. b komi: „ og eiginfjárukaum“.

Á eftir c -lið 3. másl. 3. mgr. 117. gr. b bætist við nýr töluliður svohljóðandi: „útreikning á eiginfjárkröfum byggðan á innri líkönum,“.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ


Anna Mjöll Karlsdóttir


Guðrún Finnborg Þórðardóttir